

**KONUNGLEG AUGLÝSING**

um

**1**  
7. febr.**að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Þareð Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vjer samkvæmt 1. gr. laga 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sje falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vjer komum heim aftur.

*Gefið á Amalíuborg, 7. febrúar 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Tryggvi Þórhallsson.*